

Árið 2018 er þriðja fulla rekstrarár Hnefaleikasambandsins (HNÍ). Fjöldi iðkenda á árinu var 1315. Iðkendum innan vébanda HNÍ hefur verið að fjölga ár frá ári og erum við að sjá rúmlega 11% aukningu í iðkendafjölda frá 2017 til 2018.

Síðastliðið ár hefur dálítill lægð legið yfir HNÍ hvað varðar hreina uppbyggingu sambandsins, en þó hefur allt rúttinu starf gengið vel og samkvæmt áætlunum. Félögin sjálf standa sig vel í grasrótastarfinu eins og má sjá í fjölgun iðkenda.

Reynsla dómara okkar eykst jafnt og þétt og eru þeir duglegir að sækja sér reynslu utan landsteinanna. Enn er verið að vinna í að koma okkar reyndustu dómurum á AIBA stjórnun réttindanámskeið og er vonandi að rofa til í þeim efnum. Okkur bauðst að senda tvo dómara á norðurlandameistaramótið á árinu og teljum við það lyftistöng fyrir dómara okkar og góða reynslu. Uppsetning þjálfara menntunarinnar hefur gengið töluvert hægar en búist var við en þó hefur gengið vel að fá nýja þjálfara á ÍSÍ hluta þjálfaramenntunarinnar.

Markmið bæði mótanefndar og diplómanefndar eru ávallt þau sömu og það er að halda að lágmarki eitt mót í mánuði yfir keppnistímabilið til að viðhalda starfinu. Árið 2018 voru haldin 6 félagamót, 2 byrjendamót og 11 diplómamót. Einnig hafa félög verið dugleg að fara á fjölmenn félagamót hjá nágrannapjóðunum og var árið í fyrra engin undantekning. Diplómamótum hefur fjölgað vegna þess að nú hefur HFA á Akureyri haldið tveggja daga mótahelgi hjá sér og hefur það gengið vel.

Íslandsmeistaramótið fór fram í lok febrúar. Þetta var þriðja Íslandsmeistaramót sem haldið er af HNÍ. Í þetta sinn voru keppnis dagar tveir og voru þeir báðir haldnir í húsakynnum Hnefaleikafélags Reykjaness í Reykjanesbæ. Sjö Íslandsmeistaratitlum var fagnað á úrslitadeginum; í ungmennaflokki, elite kvenna og elite karla. Emin Kadri Eminsson hlaut Bensabikarinn fyrir frammistöðu sína á mótinu sem þykir aðdáunarvert, sökum þess að hann var enn í unglingsflokki.

Norðurlandamótið var svo haldið í Osló, Noregi í lok mars. Aftur hefur verið lokað á fast sæti á mótinu fyrir Ísland og því var eingöngu farið í lausum þyngdarflokki. Auka keppnisdegi verður ekki bætt við fyrr en við munum halda það í mars á næsta ári. Í þetta sinn fóru fjórir elite keppendur; þrír í karlaflokki og einn í kvennaflokki. Keppendur okkar fengu sterka andstæðinga að vanda og tókst Kristínu Sif að sigra sinn undanleik, fyrst íslenskra kvenna, og keppa til úrslita í sínum þyngdarflokki þar sem hún laut þó í lægra haldi fyrir margföldum sænskum meistara.

Í maí fór HNÍ með lið til Spánar til keppni á Boxam, fimm daga alþjóðlegu AIBA móti. Keppendur okkar stóðu sig allir vel en upp úr stóð frammistaða Emíns Kadri, en hann sigraði sinn flokk á mótinu sem telur til styrkleikastiga.

Haldnar voru fyrstu æfingabúðir HNÍ að Laugarvatni í ágúst. Búðirnar voru vel sóttar og þóttu takast vel og því hafa nú þegar verið haldnar aðrar æfingabúðir í janúar síðastliðnum. Markmið HNÍ er að ná að halda búðir fyrir iðkendur og þjálfara bæði í janúar og ágúst ár hvert.

Hnefaleikafólk ársins var heiðrað, ásamt afreksfólki allra sambanda ÍSÍ, við hátíðlega athöfn í Hörpunni í lok desember. Þau Kristín Sif Björgvinsdóttir og Emin Kadri Eminsson voru valin úr hópi þeirra iðkenda félaga okkar sem þóttu skara fram úr á árinu 2018 og eru þau vel að titlunum komin.

Hið árlega hnefaleikabing var haldið í lok maí í Laugardalnum við dræma mætingu að vanda. Stjórnin var endurkjörin. Engar breytingar voru á lögum né reglum. Kynning fór fram á afreksstefnu HNÍ til tveggja ára og var hún samþykkt með nokkrum breytingartillögum. Tilkynnt var um ráðningu starfsmanns til að hafa yfirumsjón með skrifstofu, keppendum og öðrum rúttínubundnum verkefnum. Í stöðuna var ráðinn Árni Stefán Ásgeirsson. Hann hóf þó ekki formlega störf fyrr en á þessu ári.